

## Kiwanisklúbburinn Katla

---

Kæru foreldrar.

Kiwanisdúkkan varð til á Ástralíu, en hefur breiðst út um heimsbyggðina á vegum Kiwanis. Þessi litla einkennalaus tuskudúkka hefur hjálpað mörgum börnum að takast á við þá erfiðleika, sem mæta því í framandi umhverfi sem sjúkrahús eru þeim. Þegar barn leggst inn á sjúkrahús tekur Kiwanisdúkkan og hjúkrunarfræðingurinn á móti því. Barnið fær dúkkuna og í gegnum hana nálgast hjúkrunarfræðingurinn það. Hann sýnir því dúkkuna, hvað er í vændum og lætur svo barnið teikna andlit, hár og fleira á hana. Á meðan á sjúkravistinni stendur gengur dúkkan í gegnum það sama og barnið og fylgir því allt sem það fer, á röntgen, skurðstofu og fleira. Dúkkan fær ef til vill sprautu, saum eða plástur eftir atvikum og barnið hjálpar til. Við heimferð er dúkkan útskrifuð með barninu því hún er gjöf frá Kiwanisklúbbnum Kötlu.

Að eiga þjáningarbróður og vin breytir miklu. Og þegar vinirnir koma heim getur barnið kynnt dúkkuna fyrir fólkinu sínu, sem skilur betur allar kringumstæður. BÖRNIN FYRST OG FREMST eru okkar kjörorð.

F. h. Kötlu  
